

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/54/71

frá 11. júní 2013

um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 3404)

(2013/281/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB ber lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að skrá alla endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil tiltekinn fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila utan Sambandsins og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað innan Sambandsins. Í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB er gerð krafa um að aðildarríkin setji slíka skráða endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki undir opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyritækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum ⁽²⁾ er litið á opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum jafngild eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í aðildarríkjunum.
- 3) Ákvörðun 2011/30/ESB fellur úr gildi 31. júlí 2013. Þess vegna er þörf á að meta á ný jafngildi kerfanna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjótö. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjótö. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

⁽²⁾ Stjótö. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12.

- 4) Áður en framkvæmdastjórnin samþykkti ákvörðun 2011/30/ESB framkvæmdi hún jafngildismat á opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum. Matið fór fram með aðstoð Evrópuþings eftirlitsaðila endurskoðenda. Opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki Bandaríkjanna voru metin í ljósi viðmiðananna, sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í aðildarríkjunum. Lokamarkmið samvinnu á milli aðildarríkja og opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum ætti að vera að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi kerfanna.
- 5) Bandaríkin hafa yfir opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum að ráða fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem eru starfrækt eftir svipuðum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fyrirhuga þó að meta endurskoðunareftirlitskerfi aðildarríkjanna frekar áður en þau ákveða að treysta á það eftirlit sem er framkvæmt af lögbærum yfirvöldum þeirra.
- 6) Því ætti að endurskoða opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum í þeim tilgangi að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra. Af þessum ástæðum ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.
- 7) Þegar framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun, sem viðurkennir að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í þriðja landi eða yfirráðasvæði séu jafngild að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, geta aðildarríki ákveðið að beita ekki eða breyta með gagnkvæmu samkomulagi kröfunum í 1. og 3. mgr. 45. gr., í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis. Skilyrðin, sem á að uppfylla til að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. mgr. og 3. mgr. 45. gr., verður að fastsetja í samstarfsfyrirkomulagi, sem um getur í 3. mgr.

46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á milli aðildarríkisins og viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis og tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar.

- 8) Ef um er að ræða félag sem hefur réttarstöðu lögaðila í Bandaríkjunum og er með framseljanleg verðbréf, skráð á skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkis, en er ekki skráð á markað í Bandaríkjunum, ættu aðildarríki að tryggja að allt endurskoðunarstarf, sem tengist reikningsskilum slíks félags, falli undir samstarfsfyrirkomulag sem hefur verið gert við Bandaríkin til að ákvarða hvaða opinbera eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi mun gilda um endurskoðendur slíkra félaga. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs ættu aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þeirra.
- 9) Þetta umbreytingarfyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin komi á samvinnufyrirkomulagi um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.
- 10) Þessi ákvörðun ætti ekki að hafa forgang fram yfir einhvern lokaúrskurð um hæfi sem framkvæmdastjórnin getur samþykkt skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.
- 11) Eftirlit ætti að hafa með beitingu umbreytingarfyrirkomulagsins og skoða ætti framvinduna hjá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum. Við lok umbreytingartímabilsins ætti að úrskurða um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í Bandaríkjunum. Rétt er að endurskoða hvort aðildarríkin hafa átt í erfiðleikum með að hljóta viðurkenningu um jafngildi frá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum

í tengslum við opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í aðildarríkjunum.

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skal telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í Bandaríkjunum jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í aðildarríkjunum.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. eiga ekki að hafa áhrif á samstarfsfyrirkomulag um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, að því tilskildu að slíkt fyrirkomulag uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB ⁽²⁾ og hafi ekki áhrif á neina ákvörðun sem verður tekin í samræmi við 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2013 til 31. júlí 2016.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

(²) Stjórtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4.